

Veiðigjöld í sjávarútvegi:

# Mikil áhætta af hagræðingu

:: Getur komið illa niður á rekstri sveitafélaga

## HRAFN SÆVALDSSON

Í gær hélt Daði Már Kristófersson, umhverfis- og auðlindahagfræðingur erindi í Þekkingarsetri Vestmannaeyja. Erindið er hluti af mánaðarlegum erindum um sjávarútveg sem Þekkingarsetur Vestmannaeyja heldur fyrir aðila í sjávarútvegi í Vestmannaeyjum. Erindi Daða fjallaði m.a. veiðigjöld: forsendur, áhrif og skiptingu þeirra. Fram kom í erindinu að lögaðilar í Vestmannaeyjum greiddu 1181 mkr. í veiðigjöld á fiskveiðiarinu 2017/2018, eða um 10,5% af heildarveiðigjöldum. 4 stærstu fyrirtækin greiddu þar af 1008 mkr. eða 85% af gjöldunum í Eyjum. Rúmlega 20 manns mættu á erindi Daða.

Í lok erindsins fjallaði hann um hvers vegna ætti að deila tekjum af veiðigjöldunum. Nefndi hann 3 atriði í því samhengi. Rökin fyrir því eru m.a. þau að það eru neikvæð áhrif framseljanleika aflaheimilda á byggðaðþróun. Það eru óumflýjanleg áhrif hagræðingar á fjölda starfa í sjávarútvegi og í þriðja lagi að sanngirnissjónarmið þurfa að liggja að baki.

### En, hver eru möguleg áhrif á samfélag eins og Vestmannaeyjar?

Daði nefndi að nokkur áhætta væri undirliggjandi í samfélagi eins og í Vestmannaeyjum sökum hlutfallslegrar stærðar sjávarútvegsins af atvinnulífinu í Eyjum. Deiling auðlindagjaldsins beint til sjávarút-



vegssveitarfélaganna gæti minnkað áhrifin af þeirri áhættu. Veiðigjöld kalla á aukna hagræðingu í sjávarútveginum sem aftur bitnar á fjölda

starfa. Áhrif þess á sveitarfélög geta verið nokkuð mikil þar sem rekstur sveitarfélaga byggist að stórum hluta af útsvari af launatekjum. Í dag er



það þannig að veiðigjöld skila sér beint í ríkissjóð en ekki beint til sveitarfélaga og það sama á við um tekjuskatt fyrirtækja sem eykst við bættu afkomu fyrirtækja sem getur verið afleiðing hagræðingar. Því er nokkur undirliggjandi áhætta sem forsvarsfólk sveitarfélaga þarf að vera meðvituð um.

### Sjávarútvegsháskólinn

Í gær og fyrradag voru á ferð í Eyjum nemendur frá Sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna. Nemendurnir kynntu sig fyrir fólki í sjávarútvegi í Eyjum, skoðuðu Ísleif VE 63 og löndun á síld úr skipinu. Þeir fylgdu einnig síldinni inn í Vinnslustöð, skoðuðu allt framleiðsluferlið og fóru svo að lokum í heimsókn í Marhólma þar sem síldin er unnin í neytendapakkningar. Daði Már Kristófersson frá Háskóla Íslands og eyjamaðurinn Hörður Sævaldsson, lektor við sjávarútvegsfræðideild Háskólans á Akureyri voru með nemendunum í Eyjum. Fram kom hjá þeim að 450 nemendur hefðu hingað til útskrifast úr náminu. Þeir voru gríðarlega ánægðir með heimsóknina til Eyja og þakklátir fyrir frábærar móttökur sem hópurinn fékk í Eyjum.

*Hægt er að sjá erindið, bæði myndband, myndir og glærur, á heimasíðu Þekkingarsetursins [www.setur.is](http://www.setur.is)*

